

sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matar- eða vatnsilát, nje að þeir fái að liggja í rúnum manna. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

11. gr.

Vanræki lækningamenn að hlýða þessari reglugjörð, og reglum þeim, er umræðir í 4. gr., eða sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýði eða mótþrói, varðar það sektum, 1—10 kr., eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

* * *

Reglugjörð þessi er samkvæmt 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890 samin og sett af sýslunefnd Norðurísafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 8.—10. þ. m. og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslna 15. marz 1897.

H. Hafstein.

Fyrirsögn um inngjöf meðalanna.

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að $\frac{1}{2}$ lóði, úthrært í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einskis neyta. Sje arekaduþt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í yeg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfan klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, gjöra hann sneiptan o. s. frv. Eptir $\frac{1}{2}$ —3 kl. tíma gengur ormurinn niður af hundinum. Þegar hundarnir hafa verið í varðhaldi 24 tíma, eða ef arekaduþt er við haft, 27 tíma, og meðalið hefir verkað, skulu þeir baðaðir í sjó, keitu eða fjárbaði, og síðan skal þeim sleppt. Hús það, er hundarni hafa verið geymdir í, skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð, og vandlega hulið yfir.

Samþykkt

fyrir Húnavatnssýslu, vestan Blöndu, um
kynbætur hrossa,

er sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir gjört samkvæmt lögum nr. 34, 11. desbr. 1891 og hjeraðsbúar þar fallizt á.

1. gr.

A hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hrossa, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver búandi mað-

70 ur í hreppnum, og er hver sá skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann; hann kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimting á af fá úr sveitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, sem og fyrir ritföng.

4. gr.

Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eptir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álitur þurfa í hreppnum.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um störf sín; gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir ástæða til, og sjer um að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirrituð að öllum nefndarmönnum.

6. gr.

Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

- a. Að þeir sjeu eigi getnir af ofskildum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkynum, og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.
- b. Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur helzt í báðar ættir.
- c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, samt ekki hvítir, alls ekki glaseygðir eða af glaseygðu kyni.
- d. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkapykkir, bogmekktir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, bein en stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvapykkir, snögg og þjetthærðir (þ: selhærðir), prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pung og eistnasiðir.

7. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

8. gr.

Aðalregla sje að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en þeir aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir ekki seinna en fyrir góulok, er þeir eru á 2. vetur, ef það er

unnt skapnaðar vegna, annars í hið síðasta fyrir miðjan maímánuð. Folar þeir, er ekki verða geltir innan þess tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni, er þá ráði um meðferð þeirra. 70

9. gr.

Ávallt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera vel haldin, svo þau nái sem fyrst og mestum þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega hafa eptirlit með meðferð þeirra. Gradhestana má brúka til undaneldis úr því þeir eru 3 vetrir og til þess er þeir eru 5—6 vetra, en hryssur skulu ekki leiddar til fola fyr en þær eru 4 vetra. 2 og 3 vetra hryssur skal, að svo miklu leyti sem unnt er, verja því að þær fyljist, og má kynbótanefndin með samþykki hreppsnefndar leyfa eigendum unghryssna að geyma þær í heimahögum.

10. gr.

Eigendur gradhesta skulu skyldir til, eptir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á áðurnefndum aldri, og má ekki gelda þá fyr að vorinu, en í lok júnímánaðar, svo ekki missist góður tími af hryssum. Heimilt er kynbótanefndinni, að ákveða eigendum gradhestanna hæfilegan toll fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu, er við folanum fær, af eigendum hryssanna. Sjeu kynbótafolarnir á afrjett að sumrinu, skal borga folaeigendum gjald fyrir brúkun þeirra af sveitarsjóði, og skal þá kynbótanefndin í samráði við sveitarnefndina ákveða upphæð þess.

11. gr.

Hryssur, er fyljast hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka hvorki til reidar nje áburðar fyr en þeir eru orðnir 4 vetra og aldrei nema vægilega og innan hrepps, meðan þeir eru notaðir til undaneldis, en að því loknu skulu þeir geltir.

12. gr.

Að fardögum liðnum má reka kynbótafola á afrjett, en þó skal kynbótanefndin gæta þess að eptir sjeu heima 1—2 af þeim til júnímánaðarloka, svo tamdar hryssur verði leiddar undir þá. Leyfa má nefndin heimageymslu á kynbótafola yfir sumarið, ef eigandi hans eða annar sveitarbúi, með leyfi eiganda, æskir þess; en ábyrgjast verður eigandi eða geymandi, að folinn gjöri ekki óskunda á hrossum manna utan landamerkjia geymanda.

13. gr.

Allt það eptirlit, er hafa þarf á því, að samþykktum þessum sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. desbr. 1891 um kynbætur hrossa, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

14. gr.

Brot mót samþykktum þessum varða sektum, og fellur helmingur þeirra til uppljóstrarmanns en hinn helmingurinn í sveitarsjóð, þar sem brotið er framíð. Upphæð sektanna má eptir atvikum nema allt að 50 kr.

70

15. gr.

Með brot mót samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál.

Akvörðun um stundarsakir.

Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta tækifæri, að gelda alla þá graðhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

* * *

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. septbr. 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norðuramt, Akureyri, 29. apríl 1897.

Páll Briem.

71
10. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um lán úr landsjóði til Árnessýslu. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar Árnessýslu, og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. þ. m., þar sem þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu samþykkið lántökuna, hefi jeg veitt Árnessýslu 2500 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps í nefndri sýslu til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum, er þar gengu um síðastliðið sumar, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 250 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

72
15. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 6. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Húsavíkurbæjarhreppi í Þingeyjarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 18. júlí f. á., er kveður svo á að G. Ágúst nokkur Sigurpálsson eigi framfærslurjett í umgetnum hreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns (stýlaður til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu).

Með brjefi, dagsettu 26. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer allmörg skjöl, viðvíkjandi ágreiningi milli hreppsnefndanna í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu og Húsavíkurbæjarhrepps í sýslu yðar út af styrk, veittum G. Ágúst Sigurpálssyni í Saurbæ af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps, að upphæð 50 kr.

Ágúst þessi er tengdasonur síra Jakobs Björnssonar í Saurbæ og hefir verið í vinnu-